

REGLUGERÐ KSÍ

um búnað knattspyrnuliða

1. gr.

Búningur

- 1.1. Keppnisbúningur knattspyrnuliðs er treyja, stuttbuxur og sokkar og skal hann vera í samræmi við knattspyrnulögin eins og annar búnaður leikmanns.

2. gr.

Litir búnings

- 2.1. Félag sem tekur þátt í mótum á vegum KSÍ skal skrá á þátttökutilkynningu liti keppnisbúnings og varakeppnisbúnings.
- 2.2. Aðallitir keppnisbúnings skulu mest vera þrír en litir treyju þó mest tveir. Litir varakeppnisbúnings skulu vera aðrir en litir aðalkeppnisbúnings.
- 2.3. Litir til skreytingar (aukalitir) á keppnisbúningi skulu vera þannig að aðallitir séu vel greinanlegir.

3. gr.

Keppnistreyja

- 3.1. Á baki skal vera vel greinanlegt númer og skulu tölustafirnar vera a.m.k. 25 cm háir.
- 3.2. Í barmi er heimilt að hafa merki eða nafn félags allt að 80 cm² stórt.
- 3.3. Í barmi er heimilt að hafa merki framleiðanda.
- 3.4. Á treyju að framan er heimilt að hafa auglýsingu allt að 700 cm² stóra.
- 3.5. Á baki fyrir ofan númer er heimilt að hafa auglýsingu allt að 200 cm² stóra eða nafn leikmanns en í því tilfalli skulu stafir vera að hámarki 7,5 cm háir.
- 3.6. Á baki fyrir neðan númer er heimilt að hafa auglýsingu allt að 200 cm² stóra.
- 3.7. Við hvora öxl að framan er heimilt að hafa auglýsingu allt að 70 cm² stóra.
- 3.8. Á kragi að framan er heimilt að hafa tvær auglýsingar allt að 35 cm² stórar.
- 3.9. Á hvorri ermi er heimilt að hafa auglýsingu allt að 70 cm² stóra. Þá er stjórn KSÍ heimilt að leyfa að auki auglýsingu á hvorri ermi hjá öllum félögum í tiltekinni deild fyrir sérstakan samstarfsaðila deildarinnar.
- 3.10. Félögum er heimilt að setja gylltar stjörnur á keppnistreyjur fyrir ofan félagsmerki sitt og fer fjöldi stjarna eftir því hversu marga Íslandsmeistaratitla viðkomandi félag hefur unnið í meistaraflokki. Fyrstu gylltu stjórnuna er heimilt að setja þegar félag hefur unnið 5 meistaratitla og síðan bætist við stjarna í fimmta hvert skipti eftir það. Stjörnur skulu að hámarki vera 2 cm háar.

4. gr.

Keppnisstuttbuxur.

- 4.1. Á skálm að framan er heimilt að setja félagsmerki allt að 70 cm² stórt.
- 4.2. Á skálm að framan er heimilt að hafa merki framleiðanda.
- 4.3. Á skálm að framan er heimilt að setja vel greinanlegt númer og skulu tölustafir vera a.m.k. 10 cm háir.
- 4.4. Á skálm að framan er heimilt er að setja auglýsingu allt að 70 cm² stóra.
- 4.5. Aftan á stuttbuxur er heimilt að setja auglýsingu allt að 260 cm² stóra.

5. gr.

Keppnissokkar

- 5.1. Á hvorn sokk er heimilt að setja félagsmerki allt að 70 cm² stórt.
- 5.2. Á hvorn sokk er heimilt að setja auglýsingu allt að 70 cm² stóra.
- 5.3. Á hvorum sokk er heimilt að hafa merki framleiðanda.

6. gr.

Merkingar og auglýsingar á keppnisbúningi

- 6.1. Auglýsingar og merkingar skulu vera eins á öllum keppnisbúningum sama liðs fyrir utan tölustafi í númeri.
- 6.2. Merkingar og auglýsingar skulu vera þannig að aðallitir búningsins séu vel greinanlegir.
- 6.3. Auglýsing má aðeins varða vörutegund eða þjónustu sem ekki vinnur gegn hugsjónum íþróttamanna.
- 6.4. Stærð auglýsingar eða merkingar skal mæla sem flöt annað hvort sem ferhyrning (lengd x breidd) eða sem hring (radíus x radíus x pí).

7. gr.

Annað

- 7.1. Auglýsingar og merkingar á keppnisbúningi í mótum á vegum KSÍ skulu ekki vera aðrar en þær sem að ofan greinir. Félagi er heimilt að setja auglýsingar á annan fatnað og búnað án nokkurra stærðarmarka. Þá er heimilt að hafa merki framleiðanda á öðrum keppnisbúnaði s.s. skóm og hönskum.

8. gr.

Viðurlög

- 8.1. Framkvæmdastjóra KSÍ er heimilt að vísa til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ meintum brotum á reglugerð þessari. Málsmeðferð fer samkvæmt reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál og getur nefndin beitt þeim viðurlögum sem þar er getið.

9. gr.

Gildistaka

- 9.1. Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. grein laga KSÍ og öðlast þegar gildi samkvæmt sömu grein. Við gildistöku hennar fellur úr gildi eldri reglugerð KSÍ um búnað knattspyrnuliða.

Samþykkt af stjórn KSÍ 23. apríl 2007